

Þjórsárvirkjanir - vettvangsrannsóknir 1980.
4. fundur verkefnisráðs 9. maí

Björn Jónasson

Greinargerð BjJ-80/03

ÞJÓRSÁRVIRKJANIR - Vettvangsrannsóknir 1980

4. fundur verkefnisráðs 9. maí 1980 kl. 10:00-10:30.

Fundinn sátu: Gísli Júlíusson Landsvirkjun
Snorri Sigurjónsson Virkir
Jón Skúlason Almenna verkfræðistofan
Sigurjón Helgason Verkfræðistofa Sig. Thoroddsen
Davíð Egilson Orkustofnun
Björn Jónasson Orkustofnun

1. Ákveðið að eftirtaldir aðilar fái senda fundargerð hér eftir auk fundarmanna: Loftur Þorsteinsson VST, Finnur Jónsson Virkir, Svavar Jónatansson AV og Haukur Tómasson OS.
2. LV fjallaði um aðstöðu í Sandafellsbúðum og að þær yrðu tilbúnar um leið og OS þyrfti á þeim að halda. Hafa skal samband við Elías Ívarsson í því sambandi.
3. OS skýrði hvernig úrvinnslu á rannsóknum 1979 miðaði áfram og stöðu rannsókna 1980 og dreifði greinargerð þar að lútandi, (DE-80/02). Einkum var rætt um tafir á borverki en þar eiga JBR alla sök. Í því sambandi var kynnt bréf sent HT, OS, dagsett 1980-05-07 þar sem m.a. þessari seinkun af völdum JBR er geró skil. Gert er ráð fyrir, samkvæmt loforði JBR, að flutningar bortakja hefjist í næstu viku og "hafning" upp úr því.
4. VST spurðist fyrir um hvort seinkun á borverki komi til með að tefja rannsóknirnar og hvernig mætti ná sem bestum afköstum þegar á hólminn væri komið. OS taldi að auka mætti afköstin með einhvers konar vaktafyrirkomulagi.
5. OS spurðist fyrir um vegagerð í Sandafelli að borstöðum. LV sagði að framkvæmdir væru hafnar.
6. VST spurðist fyrir um skolvatn til borana. OS álitur að hægt sé að ná í vatn skammt frá borholustæðum fyrstu tveggja borholanna

1980-05-16

samkvæmt vettvangskönnun, sem farin var af OS-ROD og OS-JBR
30. apríl s.l.

7. OS lagði fram og kynnti greinargerð, EGV-80-01 "Stórisjór - Gróf-
greining á sýnum úr þremur holum á stíflustæðum í farvegi
Tungnaár austan Snjóöldufjallgarós" og handrit að skýrslu
(einungis afhent LV) um jarðfræði Búrfells-Sandafells.
8. Almennar umræður. M.a. fjallað um borverk 1980, vegagerð
varðandi rannsóknir við Stórasjó, kampastöðu þar o.s.frv.
9. Næsti fundur boðaður föstudaginn 23. maí kl. 10:00.

Björn Jónasson.

Afrit sent fundarmönnum og sbr. 1. lið fundargerðar,
ennfremur JBR.